

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar. Svona áform þarf að kynna og ræða í aðdraganda kosninga en ekki skella þessu framan í fólk öllum að óvörum. Skattheimta á almenning er þegar of mikil. Ef vilji er til þess að þeir borgi sem noti þá er nærtækast að stórhækka þungaskattinn. Það eru stóru flutningabílar og rúturnar sem eyðileggja vegina ekki litlir heimilisbílar. Einnig ætti tafarlaust að lækka hámarkshraðann niður í 70 km/klst. Og ef það er meinigin að ráðast í allar þessar framkvæmdir í einu þá er útséð um að hagstæð tilboð verði gerð. Þá myndast gullgrafaraástand á verktakamarkaði með tilheyrandi offjárfestingum eins og þekkt er. Haldið ykkur bara við núverandi vegaáætlun og vinnið þetta af skynsemi. Það er það sem ætlast er til af ykkur. Ekki svona ábyrgðarlausar lántökur til framtíðar á sama tíma og skuldir ríkissjóðs nema rúmum 700 milljörðum!!

Virðingarfyllst, Jóhannes Laxdal Hjallabraut 13, 815 Þorlákshöfn